

✉ RVK-57897 Tilkynning um stjórnsýslukæru nr. UUA2608008.

Móttekið	18.8.2026 10:55:40
Búið til dags.	18.8.2026 11:34:41
Tilheyrir	 USK26080216 - Stjórnsýslukæra nr. UUA2608008 - Starfsleyfisskylda starfsemi Sánagús ehf
Frá	Upplýsingar - Pósthólf Símaver (upplýsingar@reykjavik.is)
Til	skjalastyring@reykjavik.is

Innihald



uua@uua.is has just sent this issue

Reykjavík / RVK-57897

Beiðnin var stofnuð 18.08.2026 10:26

Tilkynning um stjórnsýslukæru nr. UUA2608008.

Unnur - í dag 10:54

áframsent,
móttekið 18.08.2026 kl. 10:26
kveðja Unnur

Upphafleg beiðni:

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru, móttekin 17. ágúst 2026 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) frá 6. ágúst 2026 um starfsleyfisskyldu starfsemi Sánagús ehf. í Sækoti og þess krafist að hún verði felld úr gildi

Vegna framkominnar kröfu um frestun réttaráhrifa er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða, s.s. fundargerðir, uppdrætti, umsóknir, samskipti við aðila máls og stofnanir, fyrir 25. ágúst nk. og er stjórnvaldi gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna til sama tíma. Frestur til að skila umsögn í málinu er að öðru leyti 15 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju f.h.
nefndarinnar **Ólöf**
Harðardóttir
skrifstofumaður
Úrskurðarnefnd
umhverfis- og
auðlindamála
Borgartúni 21, 105
Reykjavík, Ísland
Sími / Tel: (+354)
5758710, símatími kl.
10-12
www.uua.is - [
Fyrirvari/Disclaimer



Úrskurðarnefnd
umhverfis- og auðlindamála

||

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.

Please consider the environment before printing and choosing transport.

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Viðhengi

Kæra v. ákvörðunar HER 6 ágúst 2026.pdf

()

image001.png

()

Krafa um frestun réttaráhrifa-2.pdf

()

Svar við andmælum Sækot (1).pdf

()

Kæra v.ákvörðunar HER 6ágúst 2026.pdf

()

Kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.pdf

()

Krafa um frestun réttaráhrifa-2.pdf

()

Kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.pdf

()

D677F4D0-1D22-49C3-B578-1503B0EC3787_1_105_c.jpeg

()

Svar við andmælum Sækot (1).pdf

()

KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

17.8.2026 19:28

1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kærán er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

Fullt nafn	Vala Baldursdóttir
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Staður	
Sími	
Netfang	

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kæranda/kæranda ef við á

Fullt nafn	
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Sími	
Netfang	
Umboð	

3. Kæru nefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almenninga eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

	Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista
Efni kærunnar	Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 6. ágúst 2026 um starfsleyfisskyldu starfsemi Sánagús ehf. í Sækoti.
Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun	Heilbrigðiseftirlitið
Dagsetning ákvörðunar	06.08.2026

Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)

Já. Kæruheimild er til staðar samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, en samkvæmt ákvæðinu sæta stjórnvaldsákvörðanir á grundvelli laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista

Þess er krafist að ákvörðun HER frá 6. ágúst 2026 verði felld úr gildi að því leyti sem þar er lagt til grundvallar að starfsemi Gusu skuli uppfylla þær kröfur sem HER leiðir af reglum um baðstofur, án fullnægjandi mats á sérstöku eðli og framkvæmd starfseminnar, og að málinu verði vísað aftur til HER til nýrrar meðferðar.

Kærandi gerir ekki ágreining um að starfsemin sé starfsleyfis skyld.

Ágreiningurinn lýtur að því hvaða reglur, viðmið og skilyrði eigi við um Gusu sem skipulagðan og stýrðan heilsuræktartíma af Gusumeistara.

5. Hagsmunir kæranda/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista

Hin kærða ákvörðun hefur bein og veruleg áhrif á samfélagslega og mannbætandi gusuiðju í Sækoti.

Hún getur leitt til stöðvunar eða verulegrar röskunar á starfseminni og kallað á umfangsmiklar og óraunhæfar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi og aðstöðu.

Starfsemin hefur byggst upp sem skipulagt heilsuræktarstarf undir stjórn gusumeistara og hefur að mati kæranda mikilvægt samfélagslegt gildi fyrir þá fjölmörgu þátttakendur sem hana sækja.

Stöðvun eða röskun starfseminnar getur valdið kæranda verulegu fjárhagslegu tjóni, auk tjóns á viðskiptavild, orðspori og því trausti sem byggt hefur verið upp gagnvart starfseminni, rekstraraðila og starfsfólki.

Slíkt tjón kann að verða erfitt eða ógerlegt að bæta að fullu eftir á.

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista

6 ágúst 2026 þegar tölvupóstur kom frá HER
Fylgiskjal

7. Rökstuðningur fyrir kæru

Starfsemin felst í fyrirfram bókuðum og stýrðum gusutímum undir stjórn gusumeistara.

Gestir kaupa þátttöku í skipulagðri þjónustu en ekki almennan aðgang að baðstofu.

Að mati kæranda hefur HER ekki sýnt með fullnægjandi hætti fram á hvernig þessi starfsemi fellur undir starfsleyfisflokkinn „sund- og baðstaður“ samkvæmt 101. tölul. IV. viðauka laga nr. 7/1998.

Það eitt að sánaklefi sé notaður við framkvæmd heilsuræktartímans nægir ekki til að flokka starfsemina sem baðstofu, þar sem fólk greiðir aðgangseyrir og dvelur þar á eigin foresendum.

Kærandi telur því að lagaleg heimfærsla, rannsókn og rökstuðningur HER séu ófullnægjandi og krefst þess að ákvörðunin verði felld úr gildi.

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Nei

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals

Svar HER við andmælum

Númer skjals:

1

Fylgiskjal

Svar við andmælum Sækot (1).pdf

9. Fylgiskjalalisti²

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Kæra vegna ákvörðunar HER
Númer skjals:	2
Fylgiskjal	Kæra v. ákvörðunar HER 6 ágúst 2026.pdf

9. Fylgiskjalalisti³

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Krafa um frestun réttaráhrifa
Númer skjals:	3
Fylgiskjal	Krafa um frestun réttaráhrifa-2.pdf

9. Fylgiskjalalisti⁴

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Reglugerðarbreytingar framundan
Númer skjals:	4
Fylgiskjal	D677F4D0-1D22-49C3-B578-1503B0EC3787_1_105_c.jpeg



Árið 2026, mánudaginn 7. september, tók Arnór Snæbjörnsson, formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, með heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 130/2011, fyrir:

Mál nr. UUA2608008, kæra á ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 6. ágúst 2026 um að starfsemi Sánagús ehf. í Sækoti teljist starfsleyfis skyld.

Í málinu er nú kveðinn upp til bráðabirgða svofelldur

úrskurður um kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa:

1. Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 17. ágúst 2026, er barst nefndinni sama dag, kærir Sánagús ehf., Rauðarárstíg 22, Reykjavík, þá ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að starfsemi félagsins í Sækoti við Ægissíðu í Reykjavík teljist starfsleyfis skyld. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi. Til vara er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi og málinu vísað aftur til nýrrar meðferðar hjá heilbrigðiseftirlitinu þar sem fram fari fullnægjandi rannsókn á raunverulegu eðli starfseminnar og lagalegri flokkun hennar. Þess er jafnframt krafist að réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar verði frestað. Verður nú tekin afstaða til þeirrar kröfu.

2. Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 25. ágúst 2026.

Málsatvik og rök

3. Með tölvupósti til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 19. september 2024 upplýsti kærandi um að fyrirhugað væri að opna sánu fyrir svonefnt sánagús í Sækoti við Ægissíðu í Reykjavík. Í kjölfarið áttu kærandi og heilbrigðiseftirlitið í töluverðum samskiptum og varð úr að heilbrigðiseftirlitið óskaði eftir álitum Umhverfis- og orkustofnunar um starfsleyfis skyldu baðstofa og starfsleyfis skyldu færanlegra baðstofa. Var þeim erindum svarað með bréfum, dags. 17. apríl 2026. Þar kom annars vegar fram að það væri mat stofnunarinnar að baðstofur sem væru varanlega skeyttar við landið og reknar í beinum tengslum við baðvatn féllu undir skilgreininguna á baðstað í náttúrunni, sbr. 3-liður 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Í hinu bréfinu kom fram það mat stofnunarinnar að færanlegar baðstofur féllu undir skilgreiningu á hugtakinu baðstofa sem ekki væri rekin í tengslum við sund- og baðstaði sbr. 2. tl. 1. mgr. 2. gr., sbr. og 5. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
4. Í bréfi heilbrigðiseftirlitsins til kæranda, dags. 6. ágúst 2026, var vísað til greindra álita Umhverfis- og orkustofnunar og bent á að hvort sem starfsemin félli undir reglugerð nr. 814/2010 eða reglugerð nr. 460/2015 þá þyrfti starfsemi baðstofa að uppfylla ákvæði 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 814/2010 varðandi búningsaðstöðu og aðgengi að salerni og sturtum. Í samræmi við það teldi heilbrigðiseftirlitið að starfsemi kæranda væri starfsleyfis skyld og starfsemi óheimil á meðan slíkt leyfi væri ekki til staðar.
5. Kærandi álitur að heilbrigðiseftirlitið hafi ekki sýnt með nægjanlegum hætti fram á að umræddur rekstur falli undir þann starfsleyfisflokk sem hin kærða ákvörðun byggir á. Ekki hafi

verið lagt fullnægjandi mat á skipulag starfseminnar né rökstutt með nægilega skýrum hætti hvernig hún sé heimfærð undir 102. tl. viðauka IV. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þ.e. sem „sund- og baðstaður“.

6. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vísar til þess að þar sem engin eiginleg stjórnvaldsákvörðun hafi verið tekin í málinu sé engum réttaráhrifum til að fresta. Tilvísun bréfaskrif heilbrigðiseftirlitsins hafi verið til að upplýsa rekstraraðila um starfsleyfissskyldu og ábending um að sækja um starfsleyfi, sem sé í samræmi við álit Umhverfis- og orkustofnunar. Rekstraraðila hafi verið bent á að nauðsyn þess að sækja um starfsleyfi til áframhaldandi starfsemi. Ekki hafi verið tekin ákvörðun um stöðvun starfsemi né beitingu þvingunarúrræða og þá hafi málið ekki verið lagt fyrir afgreiðslufund heilbrigðiseftirlitsins.

Niðurstaða

7. Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er tekið fram að kæra til úrskurðarnefndarinnar fresti ekki réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar en jafnframt er kæranda þar heimilað að krefjast stöðvunar framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Sé um að ræða ákvörðun sem ekki felur í sér heimild til framkvæmda getur úrskurðarnefndin með sömu skilmálum frestað réttaráhrifum hennar komi fram um það af hálfu kæranda, sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar. Með sama hætti er kveðið á um það í 29. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 að kæra til æðra stjórnvalds fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar en þó sé heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar til bráðabirgða meðan málið er til meðferðar hjá kærustjórnvaldi þar sem ástæður mæli með því. Tilvitnuð lagaákvæði bera með sér að meginreglan sé sú að kæra til æðra stjórnvalds frestar ekki réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar og eru heimildarákvæði fyrir frestun réttaráhrifa kærðrar ákvörðunar undantekning frá nefndri meginreglu sem skýra beri þröngt. Verða því að vera ríkar ástæður eða veigamikil rök fyrir ákvörðun um stöðvun framkvæmda.
8. Í máli þessu er deilt um ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um að starfsemi kæranda sé starfsleyfissskyld sbr. 102. tl. IV viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þegar litið er til fyrrgreindra lagaákvæða og eðlis þeirrar ákvörðunar sem kærð hefur verið verður ekki séð að ríkar ástæður eða veigamikil rök standi til frestunar réttaráhrifa hennar. Hin kærða ákvörðun felur ekki í sér beitingu þvingunarúrræða eða ráðstafana sem telja verði að valdið geti kæranda tjóni á meðan málið er til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni. Verður því að telja að ekki sé tilefni til að fallast á kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar í máli þessu.

Úrskurðarorð

Hafnað er kröfu um frestun réttaráhrifa ákvörðunar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um að starfsemi Sánagús ehf. í Sækoti teljist starfsleyfissskyld.

Arnór Snæbjörnsson (sign)



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík 17. september 2026
HER-202608-9899
USK2608008

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í máli nr. UUA2608008 þar sem kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um starfsleyfissskyldu starfsemi Sánagús ehf. í Sækoti og þess krafist að hún verði feld úr gildi.

Með tölvupósti dags. 18. ágúst 2026 framsendi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (hér eftir ÚUA) ofangreinda kæru Völu Baldursdóttur kt. 131072-4659, til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (hér eftir HER) og óskaði eftir því að HER léti úrskurðarnefndinni í té þau gögn er málið varðar og var HER jafnframt gefinn kostur á að tjá sig um efni kærunnar. Kærandi krafist þess sérstaklega að réttaráhrifum ákvörðunar HER yrði frestað þar til ÚUA hefur kveðið upp endanlegan úrskurð í málinu og því óskaði ÚUA eftir því að gögnum í málinu yrði skilað til nefndarinnar eigi síðar en 25. ágúst og var HER gefinn kostur á því að tjá sig um kröfuna til sama tíma.

Málsatvik:

Mál þetta á sér þá forsögu að árið 2025 hafði kærandi samband við HER og leitaði álits á starfsleyfissskyldu fargufa. HER leiðbeindi kæranda um að starfsemin væri starfsleyfissskyld og að sækja bæri um starfsleyfi sem og var gert sbr. gögn þess máls sem send voru ÚUA. Málalýktir voru þær að HER hafnaði umsókn um starfsleyfi þar sem starfsemin væri ekki færanleg eins og sótt var um, sbr. skilgreiningu á færanlegri starfsemi í rg. nr. 903/2024 um hollustuhætti, og leiðbeindi umsækjanda um að sækja um að nýju og þá fyrir starfsemi baðstofu.

Upphaf þessa máls sem kæran nær til má rekja til tölvupósts kæranda dags. 29. júní til framkvæmdastjóra HER þar sem kærandi vekur athygli á blaðaumfjöllun um að starfsemin hafi sölsað undir sig eign Reykjavíkurborgar, fer örstutt yfir málið frá 2025 og tekur fram að gususána sé ekki baðstofa og biður um að því sé haldið til haga og bendir á að sambærileg starfsemi í nágrannalöndunum sé ekki starfsleyfissskyld.

Kæranda er svarað með tölvupósti dags. 3. júlí. Þar er fyrra mál rifjað upp sem og að kæranda hafi verið leiðbeint í tölvupósti dags. 10. apríl 2025 að sækja um starfsleyfi fyrir baðstofu enda sé það mat HER að starfsemin falli undir skilgreiningu á baðstofu í 2. tölulið 2. gr. reglugerðar um hollustuhætti á sund og baðstöðum nr. 814/2010. Tekið er fram að umsókn um starfsleyfi hafi ekki borist HER. Í tölvupóstinum er kærandi jafnframt upplýstur um að fyrr á árinu hafi HER borist afrit af svörum Umhverfis- og orkustofnunar (UOS) vegna fyrirspurnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um álit varðandi starfsleyfissskyldu baðstofa og færanlegra baðstofa. Fram hafi komið í báðum svörum, sem fylgdu með í viðhengi, að hvoru tveggja væri starfsleyfissskyld starfsemi sbr. 101 tölulið IV viðauka sbr. og 15. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í tölvupóstinum er ítrekað að sækja beri um starfsleyfi til HER og leiðbeint um hvernig standa skuli að því og minnt á að óheimilt sé að hefja leyfissskylda starfsemi nema starfsleyfi liggi fyrir.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Kærandi svarar með tölvupósti dags. sama dag og segir að starfsemin falli ekki undir skilgreiningu á baðstofu sem sé mannvirki með fastanr. og tilheyrandi baðherbergi, sturtur og búningsklefa fyrir hvert kyn. Í póstinum rekur hún meintan mun á starfsemi gususánu og baðstofu, segir mikilvægt að heilbrigðiseftirlitið skilji hverskonar heilsurækt og útivistarúræði gusan sé og býður heilbrigðisfulltrúum í heimsókn til að kynna starfseminni.

Kærandi sendi tölvupóst að nýju dags. 6. júlí. Þar vísar hún í tölvupóst HER dags. 3. júlí og óskar eftir skýru og formlegu svari við afmörkuðum álitaeftum. Í bréfinu rekur kærandi lýsingu á starfseminni og telur að starfsemin felist frekari í heilsurækt, heilsuræktartíma með kennslu/leiðsögn heldur en rekstri almennrar baðstofu. Kærandi setur fram spurningu hvort leiðbeiningar HER um að sækja skuli um starfsleyfi fyrir baðstofu eigi við um þá starfsemi sem raunverulega er rekin. Loks er óskað eftir skýru og afdráttarlausu svari um það hvort HER telji að starfsemi Sækots, eins og henni hefur ítrekað verið lýst af hálfu kæranda, falli undir hugtakið baðstofa eða baðstaður samkvæmt lögum nr. 7/1998 og reglugerð nr. 941/2002 og ef svo sé, að það sé rökstutt.

Tveir heilbrigðisfulltrúar fóru í heimsókn í Sækot 10. júlí til að kanna starfsemina, ræða við kæranda og afhentu bréf til kæranda dags. sama dag. Í bréfinu er rakin sjónarmið HER í málinu. Í niðurlagi bréfsins er kæranda bent á að það sé mat HER að starfsemin sé óleyfisstarfsemi og óheimil þar sem starfsleyfi hefur ekki verið gefið út. Hvatt er til þess að sótt verði um starfsleyfi við fyrsta tækifæri og leiðbeint um hvernig standa skuli að umsókn.

Kærandi sendi HER með tölvupósti dags. 20. júlí 2026, andmæli við bréfi HER dags. 10 júlí 2026. Í bréfinu andmælir kærandi enn frekar því mati HER að starfsemin falli undir baðstofu. Andmæli kæranda voru sett fram í 6 punktum

- Skortur á einstaklingsbundnu mati á starfseminni
- Ófullnægjandi rökstuðningur og skortur á lagagrundvelli flokkunar
- Tilvísun til eldri reglugerðar
- Álit Umhverfis- og orkustofnunar eru ekki bindandi
- Meðalhóf og jafnræði
- Krafa um frekari rannsókn áður en ákvörðun verður tekin

HER svaraði andmælum kæranda með bréfi dags. 6. ágúst 2026. Í bréfinu eru ítrekuð sjónarmið og rök HER fyrir þeirri skoðun að starfsemin sé starfsleyfis skyld sbr. 101 tl. IV viðauka laga nr. 7/1998. Einnig er ítrekað að óheimilt er að hefja starfsleyfis skylda starfsemi nema starfsleyfi hafi verið gefið út sbr. ákvæði í 1 mgr. 6. gr. laganna.

Að mati kæranda kemur fram stjórnsýsluákvörðun í bréfi HER dags. 6. ágúst og er það sú meinta ákvörðun sem er kærð.

Kröfugerð og málsástæður:

Í máli þessu er kærð meint ákvörðun HER frá 6. ágúst 2026 um starfsleyfis skyldu starfsemi Sánagús ehf. í Sækoti og þess krafist að ákvörðunin verði feld úr gildi. Til vara er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi og málinu vísað til HER til nýrrar meðferðar þar sem fram fari fullnægjandi rannsókn á raunverulegu eðli starfseminnar og lagalegri flokkun hennar. Samhliða lagði kærandi fram sérstaka kröfu um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar en nefndin hafnaði þeirri kröfu með úrskurði dags. 7. september 2026.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur krefst þess að úrskurðarnefndin vísi málinu frá þar sem kærnanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin í málinu. Í samskiptum hefur rekstraraðila verið bent á starfsleyfis skyldu starfseminnar, rekstraraðili hvattur til að sækja um starfsleyfi og bent á ákvæði í 6. gr. laga nr. 7/1998



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

um að óheimilt sé að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út. Í þessu felst ekki stjórnsýsluákvörðun.

Telji ÚUA að fyrir liggi kæranleg ákvörðun er það krafa HER að nefndin hafni öllum kröfum kæranda þar sem skýrt er að starfsemin er starfsleyfisfiskild í skilningi laga nr. 7/1998.

Varðandi varakröfu kæranda um að málinu verði vísað aftur til HER þá er það mat HER að það sé utan við svið nefndarinnar að vísa málum aftur til meðferðar og því sé ekki hægt að fallast á þá kröfu.

Afstaða Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur:

HER ítrekar að í málinu hefur ekki verið tekin kæranleg stjórnsýsluákvörðun.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að veita starfsleyfi fyrir starfsleyfisfiskilda starfsemi sbr. viðauka IV í lögnum. Í viðauka IV er listi yfir starfsleyfisfiskilda hollustuhátta og mengandi starfsemi og eru það alls 121 starfsemisflokkur. Markmið laga nr. 7/1998 er m.a. að búa landmönnum heilnæm lífsskilyrði. Markmið reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024 er m.a. að tryggja öruggt nærumhverfi og forvarnir með áherslu á að vernda og viðhalda lýðheilsu og heilnæmum lífsskilyrðum viðkvæmra hópa og almennings. Í þeim tilgangi að vinna að því að markmið reglugerðarinnar gangi eftir, hafa stjórnvöld sett á leyfisfiskildu, ásamt eftirlitsheimildum, fyrir starfsemi sem almenningur sækir þar sem gæta þarf sérstaklega að hreinlæti og viðhafa smitgát.

Í langflestum tilfellum eru heiti starfsemisflokka samheiti fyrir starfsemi af sama eða svipuðum toga. Í fæstum tilfellum er til skilgreining á því hvernig starfsemi nákvæmlega fellur undir viðkomandi starfsemisflokk. Í þessu máli er deilt um leyfisfiskildu starfsemi Sánagús sem baðstofu. Að mati HER fer ekki milli mála að baðstofa er starfsemi sem fellur undir starfsemisflokkinn „Sund og baðstaði“ og er starfsleyfisfiskild sbr. 102 tl. (áður 101 tl.) í IV viðauka í lögum nr. 7/1998, sjá einnig 5. gr. rg. nr. 814/2010. Í 19. tl. 1. mgr. 2. gr. rg. nr. 814/2010 er skilgreining á sund og baðstöðum og er hún eftirfarandi „*Sund- og baðstaður*: Hvers konar sundlaugar úti sem inni, setlaugar, iðulaugar, kennslulaugar, varmalaugar, endurhæfingarlaugar, barnalaugar, busllaugar, laugar á hótelum og sumardvalarstöðum og baðstofur.“ Baðstofur eru ennfremur skilgreindar í reglugerðinni sbr. 2 tl. 1. mgr. 2. gr. Skilgreiningin er eftirfarandi „*Baðstofa*: Klefi eða aflokað rými sem hitað er upp með vatnsgufu, svokallað eimbað, eða sánabað sem oftast er hitað upp með rafmagni.“ Að áliti HER og samkvæmt lýsingu kæranda á starfseminni fer ákveðinn hluti hennar fram í aflokuðu rými sem hitað er upp með vatnsgufu sem er í fullu samræmi við áður nefnda skilgreiningu á baðstofu.

Oft er það svo að ákveðinn hluti starfsemi er starfsleyfisfiskildur þó það eigi ekki við um alla starfsemina eða jafnvel það sem rekstraraðili lítur á sem sína megin starfsemi. Þannig eru ferðaþjónustuaðilar í ferðaþjónustu að eigin áliti, en ef hluti starfseminnar felst í þvotti eða viðgerðum á eigin bílum er sá hluti starfseminnar starfsleyfisfiskildur hjá heilbrigðiseftirliti sbr. 5. og 7. tölulíði í viðauka IV í lögum nr. 7/1998 og það án þess að rekstraraðila líti svo á að þeir reki bifreiðaverkstæði. Þetta má heimfæra á starfsemi Sánagús. HER hefur ekki sagt að öll starfsemi Sánagús sé starfsleyfisfiskild (þó er rétt að benda á að samkvæmt kæranda felst starfsemin í heilsuræktarstarfsemi en með vísan í 44. tl. IV viðauka í lögum nr. 7/1998 eru heilsuræktarstöðvar starfsleyfisfiskildar). HER hefur ítrekað bent rekstraraðila á að sá hluti starfseminnar sem felst í baðstofu sé starfsleyfisfiskildur.

Sem fyrr segir getur hver sem vill pantað tíma í gusu á vefsíðu rekstraraðila. Í 2. mgr. 1 gr. rg. nr. 814/2010 kemur fram að „Ákvæði reglugerðar þessarar gilda um alla sund- og baðstaði sem almenningur hefur aðgang að.“ Að mati HER fellur starfsemin undir ákvæðið þar sem ekki verður séð né hefur það komið fram að takmarkanir séu á því hver getur sótt starfsemina.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

HER hafnar því að starfsemi Sánagús hafi sérstöðu að því leyti að teljast vera skipulagður og stýrður heilsuræktartími en ekki frjáls almennur aðgangur að baðstofu. Af hálfu kæranda eru, að mati HER, engin rök færð fyrir þessari sérstöðu né sýnt fram á að meint sérstaða í skipulagi starfseminnar hafi áhrif á leyfissskyldu hennar samkvæmt lögum nr. 7/1998. Að mati HER er ekki grundvallar munur á starfsemi Sánagús og annarra baðstaða og jafnvel líkamsræktar- og annarrar heilsuræktarstarfsemi s.s. jógastöðva. Lýsingar á starfseminni sem koma fram undir liðum 3 og 5 í fylgiskjali með kæru s.s. fyrirfram bókun, stýrðir tímar, afmarkaður tími, takmarkaður fjöldi þátttakenda o.fl. á við um fjölda annarra fyrirtækja, sem eru með starfsleyfi HER, sem bjóða upp á líkamsræktar- og heilsuræktarstarfsemi. Í öllum tilfellum getur almenningur, hver sem er, haft aðgang að starfseminni, pantað tíma, greitt fyrir aðgang og sótt starfsemina. Sérstaða Sánagús hvað þetta varðar er engin að mati HER.

Líkt og fram kemur í málavaxtalýsingu þá lágu fyrir álit umhverfis- og orkustofnunar um starfsleyfissskyldu baðstofa og færanlegra baðstofa þann 17. apríl 2026. Í tölvupósti til kæranda, dags. 3. júlí sl. er kærandi eins og fyrr segir upplýstir um framangreind álit umhverfis- og orkustofnunar á starfsleyfissskyldunni. Ekki liggur fyrir stjórnvaldsákvörðun HER um starfsleyfissskyldu, líkt og að framan greinir þá var kæranda bent á að starfsemin sé starfsleyfissskyld, en starfsemin er starfsleyfissskyld sama hvort HER bendi á það eða ekki. Tilmæli HER og ábendingar voru jafnframt byggðar á framangreindu álitu umhverfis- og orkustofnunar. Það skal áréttað að í þessu máli hefur HER ekki beitt þvingunarúrræðum á þessum tímapunkti.

Niðurstöður

Í ljósi framangreinds ítrekar Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur kröfu sína um að kærinni verði vísað frá, enda liggur ekki fyrir kæránleg ákvörðun í málinu.

Áskilnaður:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur áskilur sér rétt til þess að svara frekari málsástæðum kæranda á síðari stigum málsins ef til þess kemur og ef jafnframt að tjá sig taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Bjarki Freyr Arngrímsson
lögfræðingur

Guðjón Ingi Eggertsson
deildarstjóri umhverfiseftirlits